



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

Fundur hafnar- og skipulagsnefndar

Fundur var haldinn í hafnar- og skipulagsnefnd miðvikudaginn 10. júní 2020 kl. 16:00 á skrifstofu sveitarfélagsins.

Adolf. H. Berndsen formaður setti fundinn og stjórnaði honum, sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skipulagsmál

a. Afgreiðslur skipulags- og byggingafulltrúa

Bragi Þór greindi frá þeim verkefnum sem byggingafulltrúi hefur tekið til umfjöllunar og afgreiðslu frá síðasta fundi. Málið var til kynningar.

b. Drög að aðalskipulagi

Fyrir fundinum lágu drög að endurskoðuðu aðalskipulagi Sveitarfélagsins Skagastrandar sem lögð voru fram til kynningar.

c. Umsókn um breytta notkun v. Strandgötu 4

Fyrir fundinum lá umsókn Hrafnhildar Sigurðardóttur kt. (560615-0850) f.h. Salthúss gistiheimilis ehf., kt. 680217-2890 þar sem óskað er eftir því að breyta notkun á neðri hæð Strandgötu 4 (fasteignanúmer F2138994). Húsið er skráð sem íbúðarhús.

Áætlaðar breytingar fela í sér að neðri hæð hússins verði notuð undir rekstur veitingastaðs í flokki II skv. lögum nr. 85/2007.

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkti erindið eins og það er fyrir lagt með þeim fyrirvara að lagður verði fram aðaluppdráttur af húsinu sem heild og staðfesting þess að húsið uppfylli ákvæði byggingareglugerðar sem veitingahús í flokki II skv. lögum nr. 85/2007 sbr. 26. gr. reglug. nr. 1277/2016, sem og önnur skilyrði viðkomandi laga og reglna varðandi fyrirhugaða starfsemi. Óskað verður eftir því að fram fari grenndarkynning vegna málsins.

Byggingafulltrúi bendir á að ekki sé sérstakt bílastæði við húsið sem nota undir þá starfsemi sem um ræðir.

d. Háagerði: Staðfesting landamerkjja og umsókn um stofnun landspildna.

Jón Gunnarsson kt. 250749-3039 f.h. Háagerðis ehf. kt. 510989-1399 og Finnbogi Guðmundsson kt. 160179-4309 f.h. Golfklúbbs Skagastrandar kt. 520988-2549 óska

BD. JS

J

BHD

AP



HAFNAR- OG SKIPULAGSNEFND SKAGASTRANDAR

eftir staðfestingu á hnitsettum landamerkjum jarðarinnar Háagerðis, landnúmer 145485 og heimild til þess að stofna tvær spildur úr landi jarðarinnar sem Háagerði 1 og Háagerði 2 skv. meðfylgjandi afstöðuuppdrætti nr. S01 í verki 441703 útg. 18. mars 2020. Afstöðuuppdráttur er unninn á Stoð ehf. verkfræðistofu af Birni Magnúsi Árnasyni. Landamerki eru unnin skv. landamerkjalýsingu dags. 28.08.1990.

Hafnar- og skipulagsnefnd samþykkir erindið eins og það er lagt fyrir.

2. Höfnin

a. Ársreikningur Hafnarsjóðs Skagastrandar 2019

Fyrir fundinum lá ársreikningur hafnarinnar vegna 2019. Samkvæmt reikningnum voru tekjur hafnar 41,190 m.kr. og rekstrargjöld 40,954 m.kr. Rekstrarafgangur var því 237 þ.kr. m.t.t. til vaxtatekna. Ársreikningur var til kynningar.

3. Önnur mál.

Engin mál voru tekin fyrir undir þessum lið.

Fleira var ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:20

Á fundinn eru boðuð:

Starfsmenn:

Bragi Þór Haraldsson

Hafnar og skipulagsnefnd:

Bragi Þór Haraldsson, byggingarfulltrúi

Adolf H. Berndsen, form.

Alexandra Jóhannesdóttir, sveitarstjóri

Jóhann Sigurjónsson

Jóhann Sigurjónsson

Steindór R. Haraldsson

Steindór R. Haraldsson

Þróstur Líndal

Þróstur Líndal.

Árni Sigurðsson

Árni Sigurðsson